

Fundargerð 126. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 29. ágúst 2023 kl. 13:00-14:30.
Haldinn í fjarfundi, en einnig er hægt að mæta hjá
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins Skipholt 50b.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Karl Rúnar Þórsson, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Margrét Sigurðardóttir, Heiðrún Björk Gísladóttir, Hulda Birna Baldursdóttir, Helga Kristín Kolbeins.

Gestir: Ingunn Hauksdóttir, endurskoðandi hjá Ernst & Young Anna K. Kristinsdóttir

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. Ný stjórn Fræðslusjóðs 2023 – 2027 – Kynning

Formaður bauð stjórn velkomna. Þetta er fyrsti fundur nýrrar stjórnar, en hún var skipuð fyrir í sumar. Stjórnarmenn kynntu sig.

2. Ársreikningur 2022 til kynningar og samþykktar (fskj. 02 Ársreikningur 2022)

Afgreiðsla: Ársreikningur var sendur stjórnarmönnum fyrir fund og komu ekki fram athugasemdir fyrir fundinn.

Ingunn fór yfir ársreikninginn. Ekki komu fram athugasemdir. Formaður bar ársreikninginn upp til samþykktar. Var reikningurinn samþykktur af öllum stjórnarmönnum.

3. Ársskýrsla 2022 lögð fram til kynningar (fskj. 03 Ársskýrsla 2022)

Afgreiðsla: Skýrslan verður birt á vef FA.

4. Fundargerðir 123. og 125. fundar.

Fundargerð 123. fundar var ekki tekin á dagskrá 124. fundar til samþykktar.

Ekki komið athugasemdir. (fskj.04

(Fundargerð 124. fundar var samþykkt á 125. fundi.)

Fundargerð 125. fundar. Ekki komið athugasemdir.

Afgreiðsla: Fundargerðirnar verða sendar þeim stjórnarmönnum er enn sitja í stjórn til undirritunar.

Framvegis verði fundargerðir sendar út eftir fundi og stjórn gefnir nokkrir dagar til að koma með athugasemdir. Ef engar athugasemdir berast verður fundargerðin send til undirritunar, en ekki beðið fram að næsta fundi.

5. Umsókn frá MSS v. raunfærnimat félagsliða

Sótt er um fjármagn til að gera verkefni sem sýni með óyggjandi hætti þekkingu viðkomandi í þeim áföngum sem um ræðir. Um er að ræða eftirfarandi áfanga í raunfærnimati fyrir félagsliða, þ.e. íslenska (ÍSL2F05) og upplýsinga- og tölvutækni (UTN2A05).

Sótt er um fjármagn til að vinna að undirbúningi og uppsetningu á verkefnum, keyrsla á verkefnum og yfirferð, lagfæring á vanköntum og lokaútgáfa. Upphæð: 350.000.-

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.

6. Flutningur milli úthlutunarflokka

Flutningur á milli úthlutunarflokka hefur verið heimilaður af stjórn undanfarin ár. Heimild endurnýjuð árlega.

Afgreiðsla: Heimildin samþykkt til ársloka 2023.

7. Önnur mál

- a. Úthlutun til nýsköpunar- og þróunarverkefna verði rædd á næsta fundi
- b. Niðurstöður úttektar verði kynntar á næsta fundi
- c. Lagt til að stjórn taki sér tíma, amk. ½ dag til að hrista saman stjórn og fara yfir veturinn framundan.

Fundi slitið.